

Kennsluáætlun 2024-2025

5.-7. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Christoph Wöll og Conny Spandau

Markmið: Að nemendur

- verði sterkir í reikningsaðgerðunum fjórum og skilji vel samhengið á milli þeirra.
- kunnir margföldunartölur upp í 12 utan af.
- afli sér góðs skilnings hvað varðar tugakerfið og sætkerfisríthátt.
- nái tókum á tugabrotum og almennum brotum og samband á milli þeirra og geti notað þau í líkindareikningi.
- læri að mæla á nákvæman hátt, reikna út mismunandi stærðir í rúmfræði og verði öruggir í að skipta um á milli lengdar- og þyngdareiningar.
- tileinki sér góð vinnubrögð, þ.m.t. samfelld vinna á einbeitan hátt, sjálfstæði í að rýna í dæmi, skráning lausnleiða og snyrtilegur frágangur í stílabókum.
- geti tjáð sig munnlega um stærðfræði í samtali við kennara og bekkjarfélaga.
- læra grunnaðgerðir í töflureikningi.

Kennsluáætlun/vinnulag:

- Bóklegir tímar:
 - nemendur vinna í einstaklingsvinnu eftir kaflaáætlun í kennslubókum.
 - Áætlanir leyfa sterkari nemendum að fá tækifæri að vinna í efni fyrir hærri bekki.
 - Nemendur eru hvattir til samtala um stærðfræði utan vinnu
 - Í upphafi eða í lok hvert tímans eru 15 mín til uppbrots, þar sem kennarinn verður með aukaefni til að æfa sérstaka þætti eða til að rifja upp atriði sem hafa verið kennd áður
- Hugareikningstíma:
 - flestir nemendur leysa dæmi í umslögum annað hvort í einstaklings- eða paravinnu.
 - Á meðan vinnur einn kennari með litlum hópi í ákveðnum hugareikningsaðferðum.
- Einstaklingsnám:
 - Nemendur með minni námsgetu fá aðlagð efni og auka aðstoð í tímum.

Námsmat:

- Símat á sér stað í tímum þar sem kennarar gefa nemendum stanslausa endurgjöf í gegnum samtöl og spurningar.
- Farið er vikulega yfir stílabækur nemenda og mistök merkt. Nemendur leiðrétta svo í tímum og kennarar tala við þá og tryggja að skilningur hafi náðst.
- Þrisvar sinnum á ári er haldið staðlað stöðumat þar sem nemendur þurfa að leysa dæmi í grunnaðgerðum og flóknari dæmum, t.d. brotareikningsdæmi eða að umreikna einingar. Tilgangur námsmats er að meta skilvirkni kennslunnar og framför einstaklinga yfir langan tíma (frá 5.-10. bekk)
- Kaflapróf: í lok kafla leysa nemendur próf úr kennslubókum og fá skriflegt endurgjöf um náð hæfni.

Námsgögn:

- Stika bækur
- Skali bækur (fyrir sterka nemendur í 7. bekk)
- Sproti bækur (fyrir nemendur sem eru ekki tilbúnir fyrir miðdeilda efni)
- Umslög með safni af hugareikningsdæmum í mismunandi flokkum
- Blöð búin til af kennara sem þjálfa ákveðnar aðgerðir
- Öpp og vefsíður (t.d. timestables.com)
- Brot, einingarkubbar o. fl.